



Faghópur II

Fundargerð 10. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 18. júní 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson, Rögnvaldur Ólafsson og Helga Barðadóttir sem skrifaði fundargerð. Gestur á fundinum var Friðrik Dagur Arnarson, fulltrúi í verkefnisstjórn.

Forföll: Jóhannes Sveinbjörnsson.

Fundarfrásögn:

- Fundargerð síðasta fundar** var samþykkt með smávægilegum breytingum.
- Aðferðafræði Önnu Dóru og Rögnvalds varðandi mat á áhrifum á útivist og ferðaþjónustu.**

Fyrir fundinn höfðu verið sendar út tillögur Rögnvalds og Önnu Dóru varðandi mat á áhrif á útivist og ferðaþjónustu og hvernig mætti meta virði einstakra svæða. Þrjár útgáfur settar fram; a) staðan í dag, b) framtíð m.v. virkjun c) framtíð m.v. óvirkjað. Nokkuð rætt um þá þætti sem ætti að veða og hversu mikið einstakir þættir skyldu veða í matinu. Ljóst að erfitt verður að setja fram matið svo ekki komi gagnrýni á einstaka þætti, og því talið betra að hafa fleiri þætti með í matinu en færri. Rökstuðningur verður gegnsæri eftir því sem viðföngin eru fleiri. Einnig er ljóst að mismunandi eðlisþættir eru breytilegir eftir stöðum, t.d. hvað varðar jarðhitasvæði, gljúfur eða grónar heiðar. Lagt til að tilraunamat verði gert á u.þ.b. 20 stöðum svo hægt verði að leggja mat á það hvaða þættir gefa besta heildarmynd. Vafamál hvernig á að skilgreina ákveðna þætti, svo sem fegurð, aðgengi að svæðum o.fl. Mikilvægt að niðurstöður allra faghópa verði með þeim hætti að þær verði sambærilegar á þann hátt að meta megi niðurstöður saman í lokaniðurstöður verkefnisstjórnar. Tillaga kom um að breyta skilgreiningunni „helgidómur“ í tign. Fram kom tillaga um að fá viðbrögð frá fulltrúum hinna faghópanna á flokkuninni.
- Gögn sem fyrir liggja um virkjanakosti**

Diski með gögnum frá Landsvirkjun var dreift á fundinum, gögn frá öðrum fyrirtækjum liggja ekki fyrir að frátölu því sem lá fyrir 1 áfanga. Vonir standa til að í lok sumars muni frekari gögn liggja fyrir, en ljóst er að forsenda matsvinnunnar byggir á að þessar upplýsingar liggja fyrir og að faghópurinn þarf tíma til að vinna úr gögnunum til að geta lokið vinnunni.
- Frestun dagskrárliða**

Ekki vannst tími til að fara yfir fleiri dagskrárliði og því var liðum 4 (Tillaga að úrvinnslu gagna frá Rögnvaldi Guðmundssyni) og 5 (Vettvangsferðir) á dagskrá frestað til næsta fundar.
- Næsti fundur** verður haldinn fimmtudaginn 25. júní.